

35. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn þriðjudaginn 1. nóvember 2011, kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt á fundinn: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 12.10.2011

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð Sauðanesnefndar, dags. 24.10.2011

Lögð fram til kynningar

3. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar, dags. 29.09.2011

a. Í 3. lið í fundargerðarinnar leggur nefndin til svofelldan opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar:

„Sumaropnun:

Að opið sé virka daga 8-20

Helgardaga 10-17.

Vetraropnun:

Að opið sé virka daga 16-20.

Laugardaga 10-16.

Sunnudaga 11-14.“

Núgildandi opnunartímar íþróttamiðstöðvarinnar eru sem hér segir:

Sumaropnun:

Virkir dagar: 8-20

Helgar: 11-17

Vetraropnun:

Mánudaga til fimmtudaga: 16-20

Föstudaga: 15-19

Laugardaga: 11-14

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni íþróttahúss koma að jafnaði 5-15 manns í sund á laugardögum. Innkoman vegna þessa er því á bilinu frá 1.200 til 3.600 kr. Í tækjasal koma að jafnaði 5-6 manns á laugardögum og tekjur hússins vegna þeirra eru um 1.500 kr. Lítil sem engin notkun er á íþróttasal á laugardögum. Kostnaður sveitarfélagsins vegna starfsmanns um helgar er um 4.000 kr./klst.

Sveitarstjóri telur að ef tekið er mið af framangreindu sé hvorki fjárhagslegur né notkunarlegur grundvöllur fyrir því að hafa opnunartíma íþróttahúss lengri en nú er. Samþykkt samhljóða.

- b. Í 4. lið fundargerðarinnar óskar nefndin eftir upplýsingum frá sveitarstjórn um stöðu æskulýðs- og íþróttafulltrúa.

Í ljósi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins ákvað sveitarstjórn á fundi sínum þann 1. september sl. að fresta ákvörðun um stöðu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, til að meta og kanna fjárhagslegan grundvöll fyrir stöðunni. Vegna þessa var ekki hægt að ganga til samstarfs við UMFL að svo komnu máli.

Umræður um íþrótt- og tómsbundastarf og hlutverk sveitarfélagsins þar að lútandi. Ákveðið að ráða ekki í stöðuna að óbreyttu en sveitarstjóra falið að kanna aðra möguleika.

Samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Þann 13.-14. október sl. sátu sveitarstjóri og skrifstofustjóri Langanesbyggðar fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Hafnar eru viðræður við Maritech um uppfærslu á Navison bókhaldskerfinu.
- Vinna vegna fjárhagsáætlunar 2012 er hafin og hefur nú verið farið yfir rekstur allra deilda með viðkomandi deildarstjórum.
- Sveitarstjóri, oddviti, skrifstofustjóri og formaður umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, ásamt skipulags- og byggingafulltrúa og skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins, funduðu með forsvarsmönnum Skipulagsstofnunar á Akureyri 27. okt. sl., vegna aðalskipulags Langanesbyggðar.
- Sveitarstjóri sagði frá formlegri opnun Menntasetursins í nýju húsnæði þann 28. okt. sl.

5. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Umsóknin samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá.

6. Bréf frá Héraðssambandi Þingeyinga dags. 12.10.2011

Lagt fram til kynningar

7. Bréf frá úrskurðanefnd skipulags- og byggingarmála, dags. 10.10.2011

Úrskurðarorð:

„Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar Langanesbyggðar frá 21. janúar 2010, er sveitarstjórn staðfesti hinn 22. mars sama ár, um að veita byggingarleyfi fyrir klæðningu hússins að Fjarðarvegi 14 á Þórshöfn.“

Sveitarstjóra falið að leita eftir verkáætlun eiganda um framkvæmdir við húsið.
Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá.

8. Bréf frá úrskurðanefnd skipulags- og byggingarmála, dags. 26.10.2011

Í bréfinu er lögð fram kæra í tveimur liðum:

- a. Aðalskipulag
- b. MotoCross-braut í Hálsi

Sveitarstjóra, ásamt byggingarfulltrúa, falið að svara úrskurðarnefnd innan tilskildra tímamarka.
Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá.

9. Bréf frá Brunavörnum Langanesbyggðar, dags. 26.10.2011

Í bréfinu bendir starfandi slökkviliðsstjóri á að 30% staða sé ekki nóg miðað við umsvif starfsins, ásamt því að sífellt meiri kröfur séu gerðar til slökkviliðsins hvað varðar æfingar og skýrslugerðar. Í bréfinu kemur jafnframt fram að húsnæði slökkviliðsins þarfnast viðhalds.

Bréfið lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn þakkar slökkviliðsstjóra fyrir gott bréf. Sveitarstjóra falið að ræða við slökkviliðsstjóra um efni bréfsins.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.